

Mál nr. 388/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð þegar skilti f auk á bifreið 16. september 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 12. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 27. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur M, dags. 30. nóvember ásamt reglum Vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar, 16. út. mars 2020.

Málsatvik.

M var við akstur á Vesturlandsvegi þar sem vegaframkvæmdir hafa verið vegna breikkunar vegarins í Mosfellsbæ. Þegar M ók um þrengingu til móts við Hulduhóla um kl. 15 hinn 16. september 2020 í roki og rigningu, skall umferðarskilti á frambretti bifreiðar hans og hliðarspeglar farþegamegin. Nokkuð tjón varð á bifreiðinni og liggja fyrir myndir af því ásamt myndum af skiltinu á vettvangi sem var um tveggja metra hátt að sögn M og á því voru þrjú viðvörunarskilti. Skiltið var fest með einum sandpoka og gúmmístandi að sögn M og er það sýnilegt á myndum af vettvangi.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á bifreið hans þar sem ekki höfðu verið gerðar ráðstafanir vegna slæmrar veðurspár á svæðinu þennan dag, en nauðsynlegt hafi verið að gera þær sérstaklega vegna þess skiltis sem skall á bifreið hans. M bendir á að mikil umferð sé um svæðið og ekki sé gert ráð fyrir því í reglum Vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar að viðvörunarskilti séu það há að þau beri þrjú skilti í einu.

V telur skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi og vísar til þess að X hafi unnið við tvöföldun Vesturlandsvegar frá því sl. vor og starfsmenn hafi talið skiltið mjög vel fest þar sem það hafi staðið af sér öll veður þar til þarna. Einnig vísar V til þess að vikulegar úttektir hafi verið gerðar á merkingum á verkstað af verkfræðistofu og ekki hafi komið fram athugasemdir um umrætt skilti í þeim. V telur því að frágangur X hafi veirð í samræmi við viðurkennd viðmið og verklagsreglur Vegagerðarinnar.

Álit.

Í málinu liggja fyrir greinargóðar ljósmyndir af vettvangi. Af þeim er ljóst að sá staur sem f auk á bifreið M var nokkuð hár og á hann höfðu verið fest þrjú umferðarskilti, ýmist hringlaga eða þríhyrnd. Verður að telja að slík skilti geti tekið á sig nokkurn vind og ekki virðist ágreiningur um að veðurspá þennan dag hafi gert ráð fyrir nokkrum vindi. Staðsetning umrædds staur mjög nálægt akbraut hefði átt að leiða til sérstakrar athugunar á því hvort hætta væri á því að hann fyki um koll vegna þekkrar komandi veðurhæðar. Ekki liggur yfir hvort úttekt af hálfu verkfræðistofu á aðstæðum hafi tekið mið af því veðri sem spáð hafði verið þann dag sem tjón varð á bifreið M. Verður hún því ekki metin þannig að hún feli í sér mat á hættu á því að umrætt skilti fyki til. Af fyrrnefndum myndum að dæma var einn sandpoki notaður til að halda staurnum á réttum stað ásamt gúmmístöndum og hefði átt að tryggja undirstöður betur vegna þess veðurs sem var á tjónsdegi. Verður að meta starfsmönnum X til sakar að hafa ekki gert þær ráðstafanir, sérstaklega í ljósi staðsetningar rétt við akbrautina. Tjón M er því bótaskyld úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir tjón á bifreið sinni úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. desember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.